

UMSÖGN

Viðtakandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Sendandi: Fjölmeningarráð

Umsögn fjölmeningarráðs um stafræna stefnu Reykjavíkurborgar

Þann 8. nóvember 2023, óskaði þjónustu- og nýsköpunarsvið eftir umsögn fjölmeningarráðs um drög að stafrænni stefnu Reykjavíkurborgar.

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar fagnar drögum að stafrænni stefnu en ráðið telur framtíðarsýn og meginmarkmið stefnunnar metnaðarfulla. Þó er vert að vekja athygli á því að flókið orðalag stefnunnar og texti getur reynst íbúum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli erfitt að skilja.

Þá er ánægjulegt að sjá að stefnan var unnin með þjónustustefnu, lýðræðisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar til hliðsjónar. Hinsvegar er ekki fyllilega ljóst hvernig á að ná megin- og undirmarkmiðum stefnunnar. Ráðið vill leggja sérstaka áherslu á fjölbreytileika borgarsamfélagsins og að nú eru 25% íbúa borgarinnar innflytjendur, og hafa þeir sama rétt á þjónustu og innlendir íbúar. Í þessu samhengi vill ráðið benda á að aðgengi að upplýsingum á öðrum tungumálum en íslensku er ábótavant á vef Reykjavíkurborgar og ekki er tekið mið af þjónustuþegum borgarinnar sem hafa önnur samskiptatungumál en íslensku.

Fjölmeningarráð telur mikilvægt að leitað verði til ráðsins áður en lokið er við gerð aðgerðaáætlunar til að tryggja að markmiðum stafrænnar stefnu verði náð.